

**Nð.**

**43. Frumvarp**

til laga um afnám laga nr. 21, 20. okt. 1905, um skýrslur um alidýrasjúkdóma.

Flutningsm.: Magnús Guðmundsson, Stefán Stefánsson, Hákon Kristófersson,  
Pórarinn Jónsson, Þorleifur Jónsson, Pjetur Ottesen, Pjetur Þórðarson.

Lög nr. 21, 20. okt. 1905, um skýrslur um alidýrasjúkdóma, eru úr gildi numin.

**Ástæður.**

Aðalástæðan til þess, að því er hreyft að nema lög þessi úr gildi, er sú, að skýrslur þær um alidýrasjúkdóma, sem safnað hefir verið samkvæmt lögum, hafa til þessa tíma ekkert verið notaðar nje úr þeim unnið, enda munu þeir, sem það verk stendur næst, hagstofan og dýralæknar, líta svo á, að skýrslurnar

sjeu svo óábyggilegar, að tæpast sje úr þeim að vænta neinna verulegra bendinga um alidýrasjúkdóma hjer á landi, og stendur þetta í eðlilegu sambandi við það, hversu torvelt það er oft og tíðum fyrir eigendur alidýra að segja um, úr hverju dýr þeirra farast. Að öðru leyti verður nánari grein gerð fyrir frv. þessu í framsögu.